

Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða Áhrif á starfandi sjávarútvegsfélög

28. október 2011



Að beiðni forsvarsmanna Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og á grundvelli verksamnings milli Deloitte hf. sem verksala og LÍÚ sem verkkaupa, birtir Deloitte drög að álitum um áhrif fyrirbyggjandi lagafrumvarps um breytingu á stjórn fiskveiða nr. 827, hér eftir nefnt Frumvarpið, á starfandi sjávarútvegsfélög.

Á grundvelli fjölmargra ársreikninga sjávarútvegsfélaga frá árinu 2001 til 2010 og opinberra gagna, s.s. frá Hagstofu Íslands, Ríkisskattstjóra, Fiskistofu, Fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands, hefur Deloitte unnið mat á áhrifum frumvarpsins á framtíðarrekstur starfandi sjávarútvegsfélaga. Í þessu sambandi er vakin athygli á eftirfarandi:

Aðstæður í framtíðinni og forsendur rekstrar eru háðar óvissu, sem veldur því að upplýsingar og áætlanir kunna að breytast í veigamiklum atriðum og hafa þannig áhrif á horfur fram í tímann.

Deloitte getur ekki borið ábyrgð á túlkun eða notkun á upplýsingum sem hér er að finna.

Í ljósi fyrirvara um ofangreind atriði tekur Deloitte ekki á sig ábyrgð af ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þessarar skýrslu.

Deloitte hf.

Þorvarður Gunnarsson

Löggiltur endurskoðandi / Eigandi
Deloitte hf.

Jónas Gestur Jónasson

Löggiltur endurskoðandi / Eigandi
Deloitte hf.

Tengiliðir hjá Deloitte vegna þessarar skýrslu

Þorvarður Gunnarsson
Forstjóri / Eigandi
Sími: 580-3101 / 893-5128
thorvardur.gunnarsson@deloitte.is

Jónas Gestur Jónasson
Eigandi
Sími: 580-3044 / 898-2495
jonas.gestur.jonasson@deloitte.is

Deloitte hf.
Kt. 521098-2449
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Íceland
www.deloitte.is


Kafli	Bls.
Niðurstöður	4
Gagnagrunnur Deloitte	15
Rekstraryfirlit og þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins	17
Skuldir sjávarútvegsins	22
Fjárfestingar, arðgreiðslur og afborgun lána	25
Ákvæði frumvarpsins	32
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög	35
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög - Sjóðstreymisspá	47

Meginniðurstöður

Aukin framlegð í sjávarútvegi samhlíða breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu frá 1984


Sjávarútvegurinn er ein af mikilvægustu stoðum íslenska hagkerfisins

Skýringar



Heimild: Hagstofa Íslands. EBITDA(%) fyrir tímabilið 2001-2010 er úr gagnagrunni Deloitte.

Hluttur atvinnugreina í landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands,

Meginniðurstöður

Skýringar



Skuldsetning greinarinnar

Sjávarútvegsfélög hafa nýtt sér góð rekstrarskilyrði undanfarin ár til að greiða niður skuldir

Þannig lækka skuldir milli árunna 2009 og 2010 að stærstum hluta vegna afborgana og gengisbreytinga

Heildarskuldir sjávarútvegs árið 2010 eru 6,5 x EBITDA

Vaxtaberandi skuldir sjávarútvegsins árið 2010 eru 5,4 x EBITDA

Heildarskuldir sjávarútvegsins⁽¹⁾ 2001 - 2010Heildar vaxtaberandi skuldir sjávarútvegsins⁽¹⁾ 2001 - 2010

1) Samkvæmt gagnagrunni Deloitte. Skilgreining Deloitte á sjávarútvegsfélögum takmarkast við þau félög sem hafa fengið úthlutað aflaheimildum.


Meginniðurstöður

Fjárfestingar hafa dregist gríðarlega saman á árunum 2009 og 2010

Sjávarútvegsfélög hafa nýtt sér góð rekstrarskilyrði til að greiða niður lán


Skýringar

Fjárfestingar sjávarútvegsins¹⁾ 2001 - 2010




¹⁾ Fjárfestingar í rekstrarfjármunum: fasteignum, fiskiskípum, vélum og framleiðslutækjum

Fjárfestingar ¹⁾ sem hlutfall af EBITDA 2001 - 2010



Nettó greiðslur af lánunum ⁽¹⁾



¹⁾ Munur á afborgunum lána og lántöku á hverju ári


Meginniðurstöður

Skýringar

Lítill hluti af hluti af eignum og skuldum sjávarútvegsfélaga tengdust fjárfestingum í óskyldum rekstri á árunum 2007 og 2008


Bókfært virði fjárfestinga í ótengdum rekstri 30 ma.kr árið 2007

Áhættufjármunir sjávarútvegsins



Heimild: Gagnagrunnur Deloitte

Fastafjármunir sjávarútvegsins



Heimild: Gagnagrunnur Deloitte


Meginniðurstöður

Skýringar


Einungis um 7% af framlegð fór til arðgreiðslna síðastliðin þrjú ár samanborið við 13% að meðaltali fyrir tímabilið 2001 - 2007

Arðgreiðslur sjávarútvegsins hóflegar í samanburði við aðrar atvinnugreinar


Arðgreiðslur sjávarútvegsfélaga



Arðgreiðslur sjávarútvegsfélaga sem hlutfall af EBITDA



Arðgreiðslur frá einstaka atvinnugreinum 2006 - 2008



Arðgreiðslur mældar sem hlutfall af EBITDA framlegð hafa dregist töluvert saman frá árinu 2005 og voru árið 2010 um 7%.

Séu arðgreiðslur sjávarútvegsins bornar saman við aðrar atvinnugreinar sést að sú almenna tiltrú að fjármagn hafi runnið út úr greininni undanfarin ár í formi arðgreiðslna á ekki við rök að styðjast.

Meginniðurstöður

Frumvarp um breytingar á stjórn fiskveiða leggur til umfangsmiklar breytingar á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi

Áhrif upptöku aflaheimilda á eigið fé:

Keyptar aflaheimildir sjávarútvegsfélaga gjaldfærast strax að fullu



Eigið fé sjávarútvegsfélaga lækkar gríðarlega

Tekjuskattsskuldbindingar að upphæð 24 ma.kr falla niður við gjaldfærslu aflaheimilda

Skýringar

- Nýtingarsamningar til allt að 15 ára með möguleika á framlengingu um 8 ár.
- Varanlegt framsal aflahlutdeilda verði takmarkað og verði óheimilt innan 15 ára.
- Óheimilt verði að veðsetja aflahlutdeild.
- Veidigjald verði tvöfaldað þannig að það verði 19% af reiknaðri framlegð útgerðar í stað 9,5%. Auk þess sem gert er ráð fyrir enn frekari hækkun á veidigjaldi samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2012 í 27% af reiknaðri framlegð.
- Veruleg aukning á því magni sem tekið er framhjá aflahlutdeild, svokölluðum „pottum“.

Áhrif gjaldfærslu á efnahag sjávarútvegsfélaga



-113 ma.kr

Eigið fé neikvætt vegna gjaldfærslu aflaheimilda

212 ma.kr gjaldfærsla aflaheimilda

Meginniðurstöður

Skýringar

Skattaleg áhrif


Frumvarp til nýrra laga um stjórn fiskveiða felur í sér skerðingu samkvæmt lögum um tekjuskatt, enda lagt til að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi verði lagt af og aflahlutdeild þar af leiðandi felld niður.

Heimilt er að telja til rekstrarkostnaðar verðmæti keyptrar varanlegrar aflahlutdeildar ef þau falla niður.

Verði þær aflahlutdeildir sem skattaðilar hafa áður keypt felldar niður (tekna af þeim) eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu þá telst skattalegt bókfært verð þeirra til rekstrarkostnaðar sem þýða mun umtalsvert lægri skattgreiðslur sjávarútvegsfélaga næstu ár en verið hefði að óbreyttu.

Verði þetta reyndin munu tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti sjávarútvegsfélaga verða umtalsvert lægri næstu ár en verið hefði að óbreyttu.

Áætlaðar skattgreiðslur sjávarútvegsins



Um 11 milljarðar króna yrðu ekki greiddir í tekjuskatt á næstu fjórum árum þar sem gjaldfærsla aflaheimilda myndar yfirfæranlegt skattalegt tap.

-11 ma.kr

Sem greiðast ekki í tekjuskatt á tímabilinu 2011-2014

Bann við veðsetningu aflaheimilda gerir það að verkum að það verður aðeins á færi mjög fjársterkra aðila að komast inn í greinina

Greiðslugeta sjávarútvegs- og fjármálafyrirtækja versnar

Bann við veðsetningu gengur í berhögg við yfirlýst markmið stjórnvalda um að auðvelda þeim aðilum sem kjósa að hefja rekstur í sjávarútvegi þar sem fjárfesting í aflaheimildum er einn stærsti hluti þeirra fjárfestingar sem til þarf við veiðar.

Aflaheimildir eru oft veðandlag lána til sjávarútvegsfélaga. Veð íslensku bankanna myndu því rýrna við fyrningu aflaheimilda og takmörkun á nýtingartíma.

Eiginfjárlutföll sjávarútvegsfélaga lækka sem hefur áhrif á fjárfestingargetu þeirra. Jafnframt hefur bann við veðsetningu aflaheimilda áhrif á framtíðarfjárfestingu.

Greiðslugeta sjávarútvegsfélaga mun versna við framangreindar breytingar. Því samfara mun greiðslugeta fjármálafyrirtækja líklega versna og þá sérstaklega í erlendum gjaldmiðlum þar sem stór hluti lána sjávarútvegsfélaga er í erlendri mynt.

Meginniðurstöður


Skýringar

Bann við frjálsum framsali mun hefta rekstrarumhverfi sjávarútvegsfélaga og hamla arðsemi

Breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu hafa flestar verið grundvallaðar á því markmiði að auka heildarábata þjóðarinnar af fiskveiðum. Árið 1991 var mikilvægt skref tekið í þá átt með frjálsum framsali aflaheimilda.

Núverandi löggjöf leggur þegar töluverðar hömlur á framsal aflaheimilda.

Yfirgripsmikil hagræn rök sem og frásagnir og reynsla þeirra sem við greinina starfa sýna fram á að bann við framsali mun hefta rekstrarumhverfi sjávarútvegsfélaga og hamla arðsemi.



Mikil aukning á „pottum“ aflaheimilda

Skerðingin mest hjá uppsjávarfélögum

Helstu ákvæði sem snúa að opinberum pottum í frumvarpinu:

- Aukið verður verulega það magn sem í pottana fer.
- Nýr pottur búinn til, leigupottur.
- Skerðing vegna potta af leyfilegum heildarafla verður í öllum tegundum.

Við gildistöku verður strax farið í 4% aukningu þorsgilda í potta og árlega aukið um 0,79% næstu fjórtán fiskveiðiar þar til um 15% af leyfilegum heildarafla er náð, undanskildar tegundir eru þorskur, ýsa, ufsi og steinbítur en um þær gilda sérreglur.

Skerðing vegna potta hefur hingað til afmarkast við þorsk, ýsu, ufsa og steinbít en samkvæmt frumvarpinu mun skerðing taka til allra tegunda. Þannig er hlutfallslega mesta skerðingin hjá félögum sem hafa stóran hluta aflaheimilda sinna í öðrum tegundum. Þar ber helst að telja uppsjávarfélögum sem verða fyrir mestri skerðingu.

Meginniðurstöður


Skýringar

Gert er ráð fyrir að EBITDA framlegð sjávarútvegsfélaga lækki um 5 - 6 prósentustig sökum:


- Stækkun potta
- Hækkun á veiðigjaldi
- Bann við framsali

240 milljarða minni framlegð sjávarútvegsfélaga

Áhrif frumvarps á EBITDA framlegð (%)



Áhrif frumvarps á EBITDA framlegð (ma.kr)



240 milljarða minni EBITDA framlegð á næstu 15 árum

Meginniðurstöður


Skýringar

Sjóðstreymisspá
samkvæmt:

- a) nógildandi lögum
- b) áhrifum frumvarpsins

320 milljarða króna munur

Sjóðstreymi¹⁾ í lok hvers ár



1) Handbært fé frá rekstri að frádregnum fjárfestingum, afborgunum lána og arðgreiðslum til hluthafa.

a) Samkvæmt nógildandi lögum

Jákvætt um: 150 ma.kr

b) Samkvæmt frumvarpi

Neikvætt um: 170 ma.kr

320 milljarða króna munur

Kafli	Bls.
Niðurstöður	4
Gagnagrunnur Deloitte	15
Rekstraryfirlit og þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins	17
Skuldir sjávarútvegsins	22
Fjárfestingar, arðgreiðslur og afborgun lána	25
Ákvæði frumvarpsins	32
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög	35
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög - Sjóðstreymisspá	47

Gagnagrunnur Deloitte um rekstrarupplýsingar sjávarútvegsfélaga

Viðamikill gagnagrunnur um rekstur sjávarútvegsfélaga á Íslandi

Gagnagrunnur Deloitte

Deloitte hefur safnað saman rekstrarupplýsingum sjávarútvegsfélaga á Íslandi frá árinu 2001 til ársins 2010. Upplýsingarnar eru sóttar í ársreikninga félaganna og skráðar inn í gagnagrunn.

Skilgreining Deloitte á sjávarútvegsfélögum takmarkast við þau félög sem hafa fengið úthlutað aflaheimildum. Þannig miðast heildarmengi hvers árs við heildarúthlutaðar aflaheimildir í þorskígildum talið. Marktækni hvers árs er því mæld í samanlögðu hlutfalli sem félög í grunninum hafa ár hvert af úthlutaðum aflaheimildum.


Til að túlka rekstartölur sjávarútvegsfélaga í heild sinni eru rekstartölur hvers árs vegnar upp með skráningarhlutfalli ársins.

Skráningarhlutfallið fyrir tímabilið 2001 - 2005 er á bilinu 54% - 58%. Megináhersla hefur verið lögð á tímabilið 2006-2010 enda hefur það tímabil einkennst af miklum sviptingum í rekstrarumhverfi sjávarútvegsfélaga á Íslandi. Skráningarhlutfall fyrir tímabilið 2006 - 2010 er á bilinu 78% - 84%.


Stefnt er að því að vinna við skráningu í gagnagrunninn haldi áfram þangað til að minnsta kosti 80% hlutfalli sé náð fyrir hvert rekstrarár.

Svæðisskipting félaga í gagnagrunni 2010

Miðað við árið 2010 er 78% af heildarúthlutaðum aflaheimildum í gagnagrunni



Hlutfall aflamarks félaga í gagnagrunni af heildarúthlutun hvers ár




Kafli	Bls.
Niðurstöður	4
Gagnagrunnur Deloitte	15
Rekstraryfirlit og þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins	17
Skuldir sjávarútvegsins	22
Fjárfestingar, arðgreiðslur og afborgun lána	25
Ákvæði frumvarpsins	32
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög	35
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög - Sjóðstreymisspá	47

Sögulegt rekstraryfirlit sjávarútvegsins

Rekstrarangur sjávarútvegsfélaga hefur batnað samhliða breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfi okkar Íslendinga. Breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu miðuðu að því að auka skilvirkni í greininni en ber þar helst að nefna tilkomu kvótakerfisins árið 1984 og frjálst framsal aflaheimilda árið 1991. Bættur rekstrarangur varð í greininni þrátt fyrir að afli hafi minnkað umtalsvert á tímabilinu.

Á myndinni hér að neðan sést framlegð greinarinnar mæld sem hlutfall tekna og afkomu fyrir fjármagnsliði (EBITDA %). Glögglega sést hvernig meðaltalsframlegðarhlutfall fer hækkandi samhliða breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu.


Undanfarinn áratug hefur afkoman verið að meðaltali 24% EBITDA framlegð samanborið við 19% fyrir áratuginn á undan. Hærra framlegðarhlutfall skýrist að hluta til af veikingu íslensku krónunnar en vel ber að merkja að ýmsir rekstrarþættir hafa verið greininni erfiðir og ber þar helst að nefna töluverða hækkun á olíu og minni þorskafla.



Aukin framlegð í sjávarútvegi samhliða breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu


Veiking krónunnar hefur haft jákvæð áhrif á greinina

EBITDA(%) og gengisvísitala 2000 - 2010



Heimild: Seðlabanki, Hagstofa Íslands, EBITDA(%) fyrir tímabilið 2001-2010 er úr gagnagrunni Deloitte

Verð á skipaolíu 2000 - 2010



Heimild: CIF NWE/Basis ARA (Amsterdam, Rotterdam, Antwerpen)

Vægi atvinnugreina í landsframleiðslu og útflutningstekjum

Hluttur sjávarútvegs var um 11,5% af landsframleiðslu árið 2009

Hluttur stóriðju var 2,4% af landsframleiðslu árið 2009

Hluttur fjármálastarfsemi lækkar úr 7,7% í 4,4% milli árunna 2008 og 2009

Landsframleiðsla og atvinnugreinar

Vægi atvinnugreina í landsframleiðslu byggist á því framleiðsluvirði, að frádregnum aðföngum, sem viðkomandi atvinnugrein skapar. Þannig fæst vinnsluvirði eða sá virðisauki sem á sér stað innan hagkerfisins.

Útflutningur á áli hefur vaxið töluvert undanfarin ár og skipar æ stærri sess í útflutningstekjum þjóðarþúsins. Þannig voru útflutningsverðmæti áls um 222 m.kr árið 2010 eða um 40% af heildarútflutningsverðmætum sem er svipað hlutfall og útflutningur sjávarafurða.

Þegar litið er á hlutfall áls af vergri landsframleiðslu er hluttur þess á bilinu 1,8% – 3% síðastliðinn áratug samanborið við 6,1% - 12,4% í sjávarútveginum.


Erfitt er að henda nákvæmar reiður á mikilvægi ferðaþjónustu en áætlanir Hagstofunnar gefa til kynna að ferðaþjónustan leggi um 5% - 6% til landsframleiðslu.

Vægi fjármálastarfsemi

„Vægi fjármálastarfsemi [án vátrygginga- og lífeyrissjóðastarfsemi] hefur minnkað töluvert á undanförmum árum. Á árunum 2005-2007 var fjármálastarfsemi í kringum 8% af landsframleiðslu en féll í 4,4% árið 2009. Viðbúið er að tölur fyrir 2010 verði enn lægri og eigi eftir að lækka á komandi árum þar sem fjöldi starfsmanna fjármálafyrirtækja [sér í lagi starfsmenn banka] er enn of mikill.“


Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2011

Hluttur atvinnugreina í landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands.

Hlutfall af heildarútflutningstekjum



Heimild: Hagstofa Íslands.

Sjávarútvegur og landsframleiðsla

Sjávarútvegur og landsframleiðsla

Sjávarútvegurinn hefur verið, og er enn, einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Á árunum 1975 – 1995 stóð hann undir um 14% af landsframleiðslu þjóðarinnar. Á árunum 1995 – 2007 lækkaði vægi hans í um 6% samhliða styrkingu krónunnar og miklum uppgangi annarra atvinnugreina (fjármála- og byggingastarfsemi). Eftir mikla gengislækkun krónunnar í kjölfar efnahagslægðar árið 2008 hafa útflutningsverðmæti aukist verulega. Þannig jukust útflutningstekjur um 63,5% milli árunna 2007 og 2009 á meðan útflutt magn jókst einungis um 8%. Tölur fyrir árið 2010 sýna að heildarverðmæti hækkaði um 5,7% frá fyrra ári og var um 220 ma.kr en dróst saman í magni um 5,5%.

Áhrif sjávarútvegs meiri en þjóðhagsreikningar sýna

Þegar útreikningar Hagstofunnar á vægi sjávarútvegs í landsframleiðslu eru skoðaðir er þarft að hafa í huga að eingöngu er horft til beinna framlaga atvinnugreinarinnar en ekki til hugsanlegra baktengsla, framtengsla eða neyslutengsla. Þar er átt við þau fyrirtæki sem byggja afkomu sína að hluta eða miklu leyti á afkomu sjávarútvegsins. Fjöldmörg fyrirtæki á Íslandi starfa þannig óbeint við sjávarútveg við að veita ýmiss konar vöru eða þjónustu. Þegar þau eru talin með er hægt að tala um svokallaðan *Sjávarútvegsklasa*. Í rannsókn Hagfræðistofnunar Háskólans frá árinu 2007¹ er reynt að meta heildarframlag Sjávarútvegsklasans til landsframleiðslu. Niðurstöðurnar sýna að á árinu 2005 var framlag sjávarútvegsins til VLF um 5,9% en þegar klasinn var skoðaður í heild sinni þá var hlutfallið um 8%². Þjóðhagsreikningar vanmeta því framlag greinarinnar til landsframleiðslu.


1) „Hlutur sjávarútvegs í þjóðarbúskapnum“. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007.

2) Margir sérfræðingar halda því fram að framlag sjávarútvegsklasans til landsframleiðslu sé enn hærra. Þannig telur Ragnar Árnason að framlag sjávarútvegsins sé á bilinu 16-25%

„Mikilvægi sjávarútvegs fyrir þjóðarbúið í heild [er] vanmetið í hinum opinberu tölum”


Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2007

Hlutur sjávarútvegs í landsframleiðslu og gengisþróun krónunnar



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands


Útflutningsverðmæti og útflutt magn sjávarafurða



Heimild: Hagstofa Íslands

Virðisaukning í sjávarútvegi

Verðmyndun á ferskum þorski í Bretlandi maí 2008



Heimild: Rannsókn Háskólans á Akureyri, "Skipulagsgerð og Verðmætasköpun í Sjávarútvegi" (2008)

Hér að ofan sjáum við dæmi um verðmyndun á ferskum þorski á Bretlandsmarkaði árið 2008. Smásöluverð til neytanda þar í landi er 20,7 EUR/kg. Af þeirri upphæð eru 11,8 EUR [6,3 EUR + 5,5 EUR] sem myndast á Íslandi eða 58% [11,85 / 20,7] af virðisaukningu vörunnar myndast hér á landi. Þessi hlutfallslega háa virðisaukning samanborið við aðrar atvinnugreinar útskýra hversu hátt hlutfall sjávarútvegurinn er af landsframleiðslu [11,5% árið 2009].

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hversu mikill virðisauki verður eftir hér á landi, ekki eingöngu einblína á gjaldeyrstekjur. Þar er sjávarútvegurinn með sérstöðu.


Virðisauki í sjávarútvegi

Mikið vægi sjávarútvegs í landsframleiðslu skýrist af því að virðisauki í sjávarútvegi er töluvert hærri en hjá öðrum atvinnugreinum. Í rannsókn frá 2008 kom fram að af hverju útfluttu kíló af ferskum þorski myndast um 58% af virðisaukanum innanlands (31% hráefni, 27% vinnsla).

Misvægi milli útflutningsverðmætis stóriðjunnar og vægi hennar í landsframleiðslu má helst skýra á þann veg hve stór hluti allra aðfanga er fluttur inn og dregst þannig frá framleiðsluvirði. Það eru helst launagreiðslur sem leggja grunn að þeirri virðisaukningu sem stóriðjan skapar hér á landi.

Í grafinu hér að neðan sjáum við útflutningstekjur frá árinu 2008 og vægi í landsframleiðslu hjá þremur atvinnugreinum. Grafið sýnir að þrátt fyrir að stóriðja hafi skilað inn hærri útflutningstekjum en sjávarútvegurinn árið 2008 þá gerir hærri virðisauki í sjávarútvegi það að verkum að greinin skilar mun hærra hlutfalli til landsframleiðslu.

Atvinnuvegir og virðisaukning árið 2008



Heimild: Hagstofa Íslands

Kafli	Bls.
Niðurstöður	4
Gagnagrunnur Deloitte	15
Rekstraryfirlit og þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins	17
Skuldir sjávarútvegsins	22
Fjárfestingar, arðgreiðslur og afborgun lána	25
Ákvæði frumvarpsins	32
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög	35
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög - Sjóðstreymisspá	47

Skuldsetning greinarinnar

Skuldir greinarinnar árið 2010 eru 6,5 x EBITDA

Þróun heildarskulda og skuldbindinga

Skuldir sjávarútvegsfélaga jukust töluvert milli áronna 2007 – 2008 og þá er átt við heildar bókfærðar skuldir og skuldbindingar. Helsta ástæðan er aukið hlutfall erlendra lána á tímabilinu 2006 og 2008 sem hækkuðu samhliða veikingu íslensku krónunnar. Árið 2008 námu heildarskuldir og skuldbindingar 445 ma.kr sem jukust svo enn frekar árið 2009 eða í 494 ma.kr.

Mikill viðsnúningur hefur átt sér stað árið 2010 og hafa skuldir lækkað um nær 11% á milli ára eða í 440 ma.kr. Lækkun milli ára er að stærstum hluta vegna afborgana sem og gengisbreytinga.

Skuldir sem hlutfall af EBITDA hafa jafnframt lækkað töluvert frá árinu 2008 en þá var hlutfallið 9,6 samanborið við 6,5 árið 2010.

Heildarskuldir og skuldbindingar hafa lækkað á árinu 2010


Heildarskuldir sjávarútvegsins árið 2009

Athygli skal vakin á því að okkar úrtak miðast við öll þau félög sem fengið hafa úthlutað aflahlutdeild. Þannig eru ekki taldar með skuldir hjá:

- Fiskvinnslum án útgerðar
- Útgerðum án varanlegra aflaheimilda


Séu þessir aðilar taldir með má áætla að heildarskuldir sjávarútvegsins árið 2009 hafi verið um 510 – 525 milljarðar króna.

Heildarskuldir sjávarútvegsins 2001 - 2010



Heimild: Gagnagrunnur Deloitte

Vaxtaberandi skuldir¹⁾ sjávarútvegsins 2001 - 2010



Heimild: Gagnagrunnur Deloitte

1) Langtíma- og skammtímaskuldir við bankastofnanir ásamt næsta árs afborgun langtímaskulda

Breytingar á vaxtaberandi skuldum sjávarútvegsins milli árunna 2009 og 2010

Vaxtaberandi skuldir lækkuðu um 56 ma.kr milli árunna 2009 og 2010

Þróun skulda milli ára

Vaxtaberandi skuldir sjávarútvegsins hafa lækkað úr 422 ma.kr í um 366 ma.kr milli árunna 2009 og 2010.


Félög innan greinarinnar hafa nýtt hagkvæm rekstrarskilyrði til þess að greiða niður skuldir um 30 ma.kr milli ára. Um 75% lánasafnsins er í USD, JPY, CHF og EUR. Gengi krónu gagnvart bandaríkjadollar og evru styrktist milli árunna 2009 og 2010 á meðan að gengi gagnvart jeni og svissneskum franka veiktist. Heildargengisáhrif voru þau að skuldir lækkuðu um 22 ma.kr.

Gögn frá þremur stærstu viðskiptabönkunum benda til þess að afskriftir lána hjá sjávarútveginum á árunum 2009 og 2010 hafa verið umtalsvert minni en hjá öðrum greinum atvinnulífsins.

Lækkun skulda er að mestu leyti vegna niðurgreiðslu lána og gengisáhrifa


Styrking (+) eða veiking (-) krónunnar gagnvart gjaldmiðlum

Stærð hringja bendir til vægis innan lánasafns sjávarútvegsins



75% af lánum sjávarútvegsins í USD, JPY, CHF, EUR

Afskriftir ýmissa atvinnugreina á árunum 2009 og 2010




Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölur eru frá þremur stærstu bönkunum, upplýsingunum beri að taka með þeim fyrirvara að bankarnir kunni að gefa sér mismunandi forsendur við útreikning á afskriftum.

Kafli	Bls.
Niðurstöður	4
Gagnagrunnur Deloitte	15
Rekstraryfirlit og þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins	17
Skuldir sjávarútvegsins	22
Fjárfestingar, arðgreiðslur og afborgun lána	25
Ákvæði frumvarpsins	31
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög	34
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög - Sjóðstreymisspá	47

Sjóðstreymi útskýring

Einfaldað dæmi um framsetningu og samhengi sjóðstreymis félaga

Jákvætt fjármagn frá rekstri er 100. Það er notað í fjárfestingar fyrir 60 og afborgun lána 30 og 10 er greitt til eigenda í formi arðgreiðslna.



Mikilvægi þeirra fjármuna sem reksturinn skapar

Það fjármagn sem reksturinn er að skapa (Handbært fé frá rekstri) er einn mikilvægasti mælikvarði á rekstrarárangur félaga þar sem það segir okkur hversu mikið fjármagn félögin hafa til að nota í nauðsynlegar fjárfestingar, afborganir af lánum og til að skila eigendum arði.

Það er því nauðsynlegt að skoða hvaða áhrif fyrirhugaðar lagabreytingar hafa á sjóðstreymi sjávarútvegsfélaga. Sjá nánar á bls. 49-53.

Sjóðstreymi

Mikil áhersla er gjarnan lögð á rekstrarniðurstöðu sem fæst úr rekstrarreikningi, t.d. EBITDA framlegð, EBIT, hagnaður, hagnaðarhlutföll o.s.frv.

Greining á sjóðstreymi segir oft betri sögu þar sem einungis er verið að skoða hreyfingar á „raunverulegum“ peningum. Sér í lagi:

Hversu mikið fjármagn er rekstur félagsins að búa til?

Hvernig er því fjármagni ráðstafað?

Í raun og veru eru þrjár megin leiðir sem fjármagni frá rekstri er varið í:

1. Fjárfestingar. (+) ef seldar eignir eru umfram (-) keyptar
2. Afborgun lána. (+) ef tekin lán eru hærri en (-) afborganir
3. Arðgreiðslur til eigenda (-)

Sjóðstreymi - Fjárfestingar

Félög hafa haldið að sér höndum í fjárfestingum vegna óvissu í rekstrarumhverfi

Meðalaldur togara er um 27 ár og brýn þörf er á endurnýjun hjá mörgum félögum

Fjárfestingar

Þegar litið er til fjárfestinga sjávarútvegsfélaga í rekstrarfjármunum þ.e.a.s. í fasteignum, fiskiskipum, vélum og framleiðslutækjum eru þær nokkuð breytilegar milli árana 2001 og 2008 eða á bilinu 6 – 14 ma.kr. Síðastliðin tvö ár skera sig nokkuð úr en þá voru fjárfestingar á bilinu 4 - 5 ma.kr. og hafa því dregist töluvert saman.

Helsta ástæðan fyrir samdrætti í fjárfestingum má rekja til þeirrar óvissu sem ríkt hefur um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Í ársskýrslu Bankasýslu ríkisins fyrir árið 2011 kemur meðal annars fram:

„Lítill fjárfesting setur útlánavexti fjármálafyrirtækja skorður. Óvissa um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu dregur enn frekar úr vilja til fjárfestingar í þeirri grein sem hefur hvað mesta burði til þess vegna hagstæðra rekstrarskilyrða. Sjávarútvegsfyrirtæki eru einn stærsti viðskiptavinur innlendra viðskiptabanka en þau hafa haldið að sér höndum í fjárfestingum vegna óvissu“.


Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2011

Fiskiskipaflotinn

Fækkun í togarafлотanum, hvort sem mælt er í fjölda skipa eða brúttótonnum, ber merki um minnkandi veiði undanfarinn áratug sem og hagræðingu í veiðum.


Þá hefur meðalaldur togarafлотans vaxið ár frá ári og er meðalaldur um 27 ár en dæmi eru um 40 ára togara sem brýn þörf er á að endurnýja. Greinin stendur því frammi fyrir uppsafnaðri fjárfestingaþörf.

Fjárfestingar sjávarútvegsins í rekstrarfjármunum¹⁾, 2001 - 2010



¹⁾ Fasteignum, fiskiskipum, vélum og framleiðslutækjum

Fjöldi togara og meðalaldur 1999 - 2010



Fjárfestingar í ótengdum rekstri

53% af áhættufjármunum árið 2007 voru fjárfestingar í félögum í sjávarútvegi og tengdum rekstri

Bókfært virði fjárfestinga í ótengdum rekstri 30 ma.kr árið 2007

Bókfært virði fjárfestinga í ótengdum rekstri 6 ma.kr árið 2008

Fastafjármunir

Við greiningu á eignum sjávarútvegsfélaga fyrir árin 2007 og 2008 sést að fastafjármunir skiptast í þrennt:

- Óefnislegar eignir sem eru fjárfestingar í aflaheimildum.
- Varanlegir rekstrarfjármunir sem telja til fjárfestinga í fasteignum, fiskiskipum, vélum og framleiðslutækjum.
- Áhættufjármunum sem telja til fjárfestinga í dóttur- og hlutdeildarfélögum, sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og skuldabréfum ásamt fyrirtækjum sem tengjast staðbundinni atvinnuuppbyggingu. Í greiningu okkar skiptum við fjárfestingum í þessum félögum í tvennt: [Félög sem tengjast sjávarútvegi](#) og [félög í óskyldum rekstri](#).


Fjárfestingar sjávarútvegsfélaga

Félög í sjávarútvegi hafa takmarkað val þegar kemur að fjárfestingum þar sem aðgangur að auðlindinni er takmarkaður ásamt því að auknar fjárfestingar í framleiðslutækjum og skipum hafa minnkandi jaðrabata¹⁾.


Það er því eðlilegt og jákvætt að þau fyrirtæki sem hafa náð hagkvæmstu skipan framleiðslutækja noti fjármagn sitt til að virkja aðra þætti íslensks atvinnulífs með fjárfestingum. Þá gildir einu hvort um ræðir félög sem tengjast sjávarútveginum eða eru í óskyldum rekstri.

1) Hér er átt við að þegar fyrirtæki hefur náð hagkvæmstu skipan framleiðslupátta með fjárfestingu í framleiðslutækjum þá er ábatinn við aukna fjárfestingu afar lítil þar sem aðgangur að hráefni er takmarkaður.

Fastafjármunir sjávarútvegsins



Áhættufjármunir sjávarútvegsins ²⁾



Fjárfestingar í ótengdum rekstri

Bókfært virði
fjárfestinga í ótengdum
rekstri er um 11% af
fastafjármunum í árslok
2007


Fjárfestingar í ótengdum rekstri

Í umræðunni um skuldsetningu sjávarútvegsfélaga hefur gjarnan mátt heyra þá kenningu að orsök mikillar skuldsetningar sjávarútvegsins á árunum 2007 og 2008 hafi verið tilkomin vegna fjárfestinga í félögum sem voru í óskyldum rekstri og tilurð og ástæður slíkra fjárfestinga dregnar í efa.

Þegar litið er á eignasafn¹⁾ sjávarútvegsfélaganna fyrir árin 2007 og 2008 kemur í ljós að þessu fullyrðing á við veik rök að styðjast. Þannig voru um 30 ma.kr eða um 11% af fastafjármunum sjávarútvegsfélaga fjárfest í félögum sem flokkast í ótengdum rekstri. Þetta hlutfall var komið niður í um 2% árið eftir eða um 6 ma.kr.

1) Með orðinu eignasafn er átt við fastafjármuni sjávarútvegsfélaga

Fastafjármunir sjávarútvegsins




Heimild: Gagnagrunnur Deloitte

Sjóðstreymi - Greiðslur af lánnum

Sjóðstreymi fjármögnunarhreyfinga

Nettóstaða úr sjóðstreymi hvers árs af (-) afborgun langtímalána og (+) nýrra lánveitinga. Á árinu 2007 námu lántökur 62 ma.kr en afborganir og niðurgreiðsla lána 38 ma.kr. Nettó lántaka var því um 24 ma.kr.



-56 ma.kr
Afborganir umfram lántökur síðastliðin 3 ár


Lántökur og afborganir

Í sjóðstreymisýfirliti sjávarútvegsfélaga gefur að líta upphæð (+) tekinna lána ásamt (-) afborgunum lána. Myndin hér fyrir ofan sýnir að lántökur umfram afborganir jukust á árunum 2004 til 2007.


Góð rekstrarafkoma á árunum 2008 – 2010 hefur haft það í för með sér að sjávarútvegsfélög hafa verið að greiða niður lán. Á þessu tímabili voru afborganir umfram lántökur alls 56 ma.kr.

Sjávarútvegsfélög hafa nýtt hagstæð rekstrarskilyrði til að greiða af lánnum

Tekin ný lán



Afborgun lána



Sjóðstreymi - Arðgreiðslur


Arðgreiðslur 2009 og 2010 í sögulegu lágmarki, mælt sem hlutfall af EBITDA

Arðgreiðslur

Arðgreiðslur til eigenda sjávarútvegsfyrirtækja hafa verið á talsverðu flökki undanfarinn áratug. Þannig voru þær lægstar árið 2001 eða um 1,6 ma.kr og urðu mestar árið 2008, 5,8 ma.kr. Það verður þó ætíð að meta arðgreiðslur í hlutfalli við rekstrarafkomu félaga. Arðgreiðslur mældar sem hlutfall af EBITDA framlegð hafa dregist töluvert saman frá árinu 2005 og voru árið 2010 um 7%.

Séu arðgreiðslur sjávarútvegsins bornar saman við aðrar atvinnugreinar sést að fullyrðingar um að fjármagn hafi runnið út úr greininni undanfarin ár í forni óeðlilegra arðgreiðslna á við lítil rök að styðjast.


Arðgreiðslur sjávarútvegsfélaga



Heimild: Gagnagrunnur Deloitte


Arðgreiðslur sjávarútvegsins hóflegar í samanburði við aðrar atvinnugreinar

Arðgreiðslur frá einstaka atvinnugreinum 2006 - 2008



Heimild: Gagnagrunnur Deloitte, Rannsóknarskýrsla Alþingis

Arðgreiðslur og afborgun lána



Heimild: Gagnagrunnur Deloitte

Afborgun lána er nettó afborgun á hverju ári sem reiknast sem munurinn á (-) teknum lánnum og (+) greiddum afborgunum

Kafli	Bls.
Niðurstöður	4
Gagnagrunnur Deloitte	15
Rekstraryfirlit og þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins	17
Skuldir sjávarútvegsins	22
Fjárfestingar, arðgreiðslur og afborgun lána	25
Ákvæði frumvarpsins	32
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög	35
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög - Sjóðstreymisspá	47

Breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu sem samþykktar voru í júní 2011



Frumvarpið var samþykkt á Alþingi 11. júní 2011 með 30 atkvæðum gegn 19

Breytingar sem tóku gildi

Í júní 2011 varð breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum sem tekur til fiskveiðiaranna 2010/2011 og 2011/2012.

Við samþykkt frumvarpsins tóku gildi töluverðar breytingar á kvótakerfinu en í meðferð þingsins tók frumvarpið nokkrum breytingum. Helstu breytingar voru eftirfarandi:

- Veiðigjald var hækkað úr 9,5% í 13,3% sem reiknast af aflaverðmæti að frádregnum reiknuðum kostnaði.
- Með lögunum var ráðstöfunarréttur sjávarútvegsráðherra aukinn töluvert. Ráðherra hefur til ráðstöfunar og sérstakrar úthlutunar bæði á fiskveiðiarunum 2010/2011 og 2011/2012:
 - 300 lestum af óslægðum botnfiski á hverju fiskveiðiári. Verðið á þessum aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark (sem birt er á vef Fiskistofu) og renna tekjur af þessu í rannsóknarsjóð.
 - 2.000 lestir af síld og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld. Fiskveiðiárið 2011/2012 hefur ráðherra einnig til sérstakrar úthlutunar 1.200 lestir af skötusel.
 - 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem þegar er heimild fyrir.
 - 1.900 lestum af óslægðum þorski á fiskveiðiarinu 2010/2011 og 2.000 lestum af óslægðum þorski 2011/2012.
 - Auk þessa verður mögulegt að auka magnið um allt að 2.500 lestum af þorski og 500 lestum af ufsa á fiskveiðiarinu 2011/2012.
 - Aflaheimildir þessar koma til frádráttar leyfðum heildarafla.

Helstu breytingar á lögum 116/2006 felast í hækkun veiðigjalds úr 9,5% í 13,3%, sem og þeim aukna ráðstöfunarrétti sem ráðherra sjávarútvegs mála mun hafa varðandi úthlutun aflaheimilda

Fyrirhugaðar breytingar samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar



Frumvarpið felur í sér töluverðar breytingar, m.a. með svokölluðum leiguhluta, þar sem eftir 15 ára tímabil er gert ráð fyrir að 15% þorskígilda verði ráðstafað í gegnum svokallaða „potta“, að undanskildum þorski, ýsu, ufsa og steinbít

Fyrirliggjandi frumvarp

Frumvarpið leggur til umfangsmiklar breytingar á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

Helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér:

- Heildarafla verður skipt í tvo flokka:
 - Flokkur 1: úthlutað aflamark samkvæmt aflahlutdeild.
 - Flokkur 2: línuívilnun, strandveiði, byggðakvóti, bætur, leiguhluti, svokölluð „pottaleið“.

Flokkur 1

- Nýtingarsamningar til allt að 15 ára með möguleika á framlengingu um 8 ár. Gert er ráð fyrir að eftir 15 ár verði 85% þorskígilda úthlutað með þessum hætti, að undanskildum þorski, ufsa, ýsu og steinbít, sem sérstakar reglur gilda um.
- Lagt er til að varanlegt framsal aflahlutdeilda verði takmarkað og verði óheimilt innan 15 ára, nema í undantekningartilvikum.
- Óheimilt verði að veðsetja aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeilda.
- Veðigjald verði tvöfaldað þannig að það verði 19% af reiknaðri framlegð útgerðar í stað 9,5% af framlegð (sem það var fyrir samþykkt „litla frumvarpsins“). Auk þeirrar hækkunar sem er fyrirhuguð samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi ársins 2012 sem leggur til að veðigjald sé hækkað í 27% af reiknaðri framlegð.

Flokkur 2 („pottaleið“)

- Til leiguhluta skal ráðstafa því magni sem bætist í flokk 2, að undanskildum þorski, ýsu og ufsa, sem ráðstafast til strandveiða- og byggðahluta.
- Samkvæmt frumvarpinu mun leiguhlutinn vera til að byrja með 4% á allar aðrar tegundir en þorsk, ýsu og ufsa. Frumvarpið gerir svo ráð fyrir að tilfærsla milli flokka og hluta fari fram í áföngum á 15 ára tímabili, þannig að í lok tímabilsins verði að jafnaði 15% þorskígilda þeirra fisktegunda sem sæta takmörkunum í flokki 2.
- Gert er ráð fyrir talsverðri aukningu til byggðahluta í frumvarpinu en þar er kveðið á um að magn af þorski fari í 6.000 lestir og í ufsa 800 lestir. Eins verður magn af ýsu til byggðahluta 1.200 lestir.
- Til strandveiðihluta munu bætast við 3.000 lestir af botnfiski, þannig að úthlutaðar veiðiheimildir til strandveiða nemi 9.000 lestum. Aukningin sem bætist við á hverju fiskveiðiári er 2.400 lestir af þorski og 600 lestir af ufsa.

Kafli	Bls.
Niðurstöður	4
Gagnagrunnur Deloitte	15
Rekstraryfirlit og þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins	17
Skuldir sjávarútvegsins	22
Fjárfestingar, arðgreiðslur og afborgun lána	25
Ákvæði frumvarpsins	32
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög	35
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög - Sjóðstreymispá	47

Bann við veðsetningu¹

Bann við veðsetningu aflaheimilda gerir það að verkum að það verður aðeins á færi mjög fjársterkra aðila að komast inn í greinina

Bann við veðsetningu

Í 8. grein Frumvarpsins er ákvæði um veðsetningu aflaheimilda.

„Eigi er heimilt að veðsetja, hvort heldur með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða hluta, aflahlutdeild fiskiskips eða önnur réttindi á grundvelli samnings um nýtingarrétt aflahlutdeilda. Hafi umrædd réttindi þegar verið skráð með samningi á skip eða annað veðandlag fyrir gildistöku laga þessara er óheimilt að endurnýja eða framlengja veðsetningu þegar undirliggjandi veðsamningur rennur út“

8.gr. frumvarps nr. 827 um stjórn fiskveiða

Um 41% af heildareignum sjávarútvegsfélaga eru aflaheimildir, eða um 212 ma.kr samkvæmt ársreikningum fyrir árið 2010. Oftar en ekki eru þessar aflaheimildir notaðar sem trygging gagnvart skuldum félaganna sem felst í því að óheimilt er að flytja aflaheimildir frá skipum nema með samþykki veðhafa. Bann við að nota aflaheimildir sem tryggingu mun takmarka möguleika til að fjármagna fjárfestingar í aflaheimildum og varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé og hækkar þannig fjármögnunarkostnað sjávarútvegsfélaga.

Þau rök sem notuð hafa verið um bann við veðsetningu eru að ekki sé hægt að veðsetja fiskinn í sjónum þar sem hann sé eign þjóðarinnar en ekki sjávarútvegsfélaga. Hér gætir nokkurs misskilnings þar sem skýrt er kveðið á í lögum um stjórn fiskveiða frá árinu 1990 um að „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar“. Núverandi aflahlutdeildarkerfi er í raun nýtingarsamningur með ótilgreindan nýtingartíma.


1) Samkvæmt nógildandi lögum er óheimilt að veðsetja aflaheimildir. Í samningum við lánastofnanir er hins vegar um óbeina veðsetningu að ræða þar sem aflahlutdeildum er útlutað á einstaka fiskiskip og er skipið þannig notað sem veðandlag í samningum ásamt því að óheimilt sé að flytja aflaheimildir frá skipi nema með samþykki lánardrottna.

Nýliðun

Bann við veðsetningu gengur í berhöggi við yfirlýst markmið stjórnvalda um að auðvelda þeim aðilum sem kjósa að hefja rekstur í sjávarútvegi þar sem fjárfesting í aflaheimildum er gjarnan einn stærsti hluti þeirra fjárfestingar sem til þarf við veiðar.

Afar ólíklegt þykir að nýliðar gætu nálgast nægjanlegt lánsfé þar sem öruggt veðandlag (í formi aflaheimilda) vantar. Þannig yrði það í raun aðeins á færi mjög fjársterkra aðila að komast inn í greinina.

Efnahagsreikningur sjávarútvegsfélaga 2010



Heimild: Gagnagrunnur Deloitte

Bann við veðsetningu og áhrif þess á íslenska viðskiptabanka

„Greiðslugeta sjávarútvegsfyrirtækja mun versna við framangreindar breytingar. Því samfara mun greiðslugeta fjármálafyrirtækja líklega versna“

Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2011

Bann við veðsetningu


Í skýrslu Bankasýslu ríkisins fyrir árið 2011 er fjallað um þau áhrif sem bann við veðsetningu aflaheimilda og tímamörk á nýtingartíma til 15 ára hefur á íslenska viðskiptabanka.

„Aflaheimildir eru oft veðandlag lána til sjávarútvegsfyrirtækja. Veð banka myndu því rýrna við fyrningu aflaheimilda og takmörkun á nýtingartíma. Eiginfjárlutföll sjávarútvegsfyrirtækja lækka sem hefur áhrif á fjárfestingargetu þeirra. Jafnframt hefur bann við veðsetningu aflaheimilda áhrif á framtíðarfjárfestingu.“

Greiðslugeta sjávarútvegsfyrirtækja mun versna við framangreindar breytingar. Því samfara mun greiðslugeta fjármálafyrirtækja líklega versna og þá sérstaklega í erlendum gjaldmiðlum þar sem stór hluti lána sjávarútvegsfyrirtækja er í erlendri mynt“


Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2011

Eignarhlutur ríkissjóðs í viðskiptabönkum



Um 250 ma.kr. eða um 16% af útlánum íslensku bankanna er til sjávarútvegsfélaga þar sem aflaheimildir eru oftast helsta veðandlag

Hlutur sjávarútvegsfélaga í lánasöfnum helstu viðskiptabankanna við lok árs 2010



Heimild: Bankasýsla Ríkisins

Áhrif á eigið fé vegna upptöku aflaheimilda

Keyptar aflaheimildir
sjávarútvegsfélaga
gjaldfærast strax að fullu

Verði frumvarp til laga um stjórn fiskveiða samþykkt mun það hafa tvenns konar áhrif á sjávarútvegsfélög. Annars vegar munu félögin missa núverandi aflaheimildir sínar og hins vegar munu þau fá nýtingarleyfi á aflaheimildum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Afskrift núverandi aflaheimilda

Verði frumvarpið samþykkt verða núverandi keyptar aflaheimildir gjaldfærðar strax að fullu í reikningsskilum sjávarútvegsfélaga í samræmi við ákvæði ársreikningalaga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla þar sem sú óefnislega eign verður ekki lengur til staðar. Vegna þessa lækkar eigið fé um samsvarandi fjárhæð.

IAS 38.112-113

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt auðlindarinnar. Veita má einstaklingum eða lögaðilum tímabundinn rétt til afnota eða hagnýtingar á auðlindinni gegn gjaldi. *1.mgr.1.gr Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða*

Í frumvarpinu er handhöfum aflahlutdeilda veittur skammur tími til að ljúka samningi um nýtingarleyfi. Tefjist samningagerð umfram veittan frest af ástæðum sem stjórnvöldum verður ekki kennt um falla aflaheimildir hlutaðeigandi niður og falla til ríkissjóðs. *Ákvæði til bráðabirgða I. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða*

Eignfærsla nýtingarleyfis á aflaheimildum

Óvíst er hvort nýtingarleyfið á aflaheimildum verði eignfært. Því þarf að skoða samninginn um nýtingarleyfið, innihald hans og eðli, hvort hann uppfylli skilyrði um óefnislega eign samkvæmt IAS 38 og þar með skilyrði eignfærslu eða flokkist sem leigusamningur. *IAS 38.3, 6 & 9-10.*

Verði nýtingarleyfið eignfært er færð upp skuld á móti, eignfærslan hefur því engin áhrif á eigið fé. Reikningshaldsleg meðferð aflaheimildanna fyrir gildistöku laganna hefur engin áhrif á eignfærsluna.

Mögulegt er að litið sé á samninginn um nýtingarleyfi á aflaheimildum sem leigusamning samkvæmt IAS 17 og nýtingarleyfið því ekki eignfært.

Líkur eru á að IAS 17 verði breytt þannig að eignfæra verði alla rekstrarleigusamninga. Verði þessi breyting samþykkt er enginn vafi á eignfærslu nýtingarleyfis á aflaheimildum.

IAS 17 – Leigusamningar

IAS 38 – Óefnislegar eignir

IFRS / IAS – Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Áhrif breytinga á efnahagsreikning sjávarútvegsfélaga

Verðmæti aflaheimilda nam 212 ma.kr. í lok árs 2010 samkvæmt gagnagrunni Deloitte

Gjaldfærsla aflaheimilda


Verði frumvarpið að lögum óbreytt verða núverandi keyptar aflaheimildir gjaldfærðar strax að fullu í reikningsskilum sjávarútvegsfélaga í samræmi við ákvæði ársreikningalaga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Samkvæmt gagnagrunni Deloitte¹⁾ var verðmæti aflaheimilda í efnahagsreikningi sjávarútvegsfélaga í lok árs 2010 um 212 ma.kr. Aðrar eignir námu 303 ma.kr. Heildarskuldir félaganna voru 440 ma.kr og eigið fé 75 ma.kr.


Á mynd **a)** sjáum við efnahagsreikning sjávarútvegsfélaga í árslok 2010. Á mynd **b)** sést að með gjaldfærslu aflaheimilda hverfa um 212 ma.kr. úr efnahagsreikningi félaganna og eigið fé greinarinnar lækkar og verður neikvætt um 113 ma.kr. Á móti kemur að tekjuskattskuldbinding að upphæð 24 ma.kr fellur niður og lækkar skuldir í alls 416 ma.kr.

Við gjaldfærslu aflaheimilda hverfa um 212 ma.kr. úr efnahagsreikningi félaganna

a) Efnahagsreikningur fyrir gjaldfærslu 2010



b) Áhrif gjaldfærslu á efnahag félagsins



Sýnidæmi um áhrif á einstakt sjávarútvegsfélag

Með gjaldfærslu
aflaheimilda verður
eigið fé neikvætt hjá
mörgum félögum

Sýnidæmi

Hér er tekið dæmi um þau áhrif sem gjaldfærsla aflaheimilda hefur á efnahagsreikning starfandi sjávarútvegsfélags.

Félagið veltir um 300 – 350 m.kr á ári.

Stærstur hluti skulda félagsins er í erlendri mynt og hafa skuldir hækkað í efnahagsreikningi félagsins í kjölfar veikingar krónunnar þar sem uppgjörsmýnt félagsins er í krónum.

Þrátt fyrir háar skuldir hafa lánardrottinnar lýst yfir vilja til að aðstoða við lánalengingar þar sem rekstur félagsins er sterkur og hefur EBITDA hlutfall verið á bilinu 23% - 25% undanfarin ár.

Þessi staða er lýsandi fyrir mörg raunveruleg sjávarútvegsfélög í greininni. Félag eru í góðum rekstri og eru að vinna úr sínum skuldamálum í samvinnu við lánardrottina.


Gjaldfærsla

Í dæminu er bókfært virði aflaheimilda stærsti liðurinn í eignum félagsins eins og hjá mörgum sjávarútvegsfélögum.


Með gjaldfærslu aflaheimilda hverfa þessar eignir úr efnahagsreikningi félagsins og mikið ójafnvægi myndast milli eigna og skulda. Gjaldfærslan leiðir til þess að lánveitendur og kröfuhafar missa sínar helstu tryggingar og allur hvati til endurfjármögnunar á lánum félagsins hverfur.

Í sýnidæminu á mynd **b)** sést að við gjaldfærslu aflaheimilda myndast rúmlega 464 m.kr. „gat“ í efnahagsreikningi félagsins og eigið fé verður neikvætt um 334 m.kr.

a) Dæmi: Efnahagsreikningur fyrir gjaldfærslu



b) Dæmi: Áhrif gjaldfærslu á efnahag félagsins



Lykiltölur úr rekstri félagsins

Velta (m.kr).....	300 - 350
EBITDA (m.kr)....	70 - 85
EBITDA hlutfall...	23% - 25%

Tekjuskattur – heimild til gjaldfærslu á keyptri/eignfærðri aflahlutdeild

Heimilt er að telja til rekstrarkostnaðar verðmæti keyptrar varanlegrar aflahlutdeildar ef þau falla niður

3.mgr.48.gr Tekjuskattslög

Gjaldfærsla aflaheimilda

Í tekjuskattslögum kemur fram að heimilt er að telja til rekstrarkostnaðar verðmæti keyptrar varanlegrar aflahlutdeildar „ef þau falla niður eða hlutfallslega ef þau eru skert verulega lögum samkvæmt.“

3.mgr.48.gr Tekjuskattslög

Lagaákvæðið var lögfest með lögum nr. 118/1997 um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 (nú nr. 90/2003). Frumvarpið að lögum nr. 118/1997 gerði aðeins ráð fyrir skattalegri gjaldfærslu ef aflahlutdeildin félli niður. Alþingi samþykkti breytingartillögu sem gerði einnig ráð fyrir skattalegri gjaldfærslu ef aflahlutdeildin yrði skert verulega og þá hlutfallslegri gjaldfærslu.

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

„Þar sem hér getur verið um að ræða réttindi sem kostað hefur verið verulega til þykir hins vegar rétt að heimilað verði að gjaldfæra þann kostnað ef réttindin falla niður, t.d. með því að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi verði lagt af.“

Greinargerð með frumvarpi

Í greinargerð með breytingartillögunni segir:

„[...] sérstaklega tekið fram að réttindin geti fallið niður, t.d. með því að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi verði lagt af. Til nánari skýringar á því hvað megi telja til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. telur meirihluti nefndarinnar rétt að áréttu að verðmæti réttindanna teljast að fullu til rekstrarkostnaðar ef þau falla alveg niður. Séu verðmætin hins vegar skert verulega með lögum án þess að þau falli alveg niður telst verðmætaskerðingin hlutfallslega til rekstrarkostnaðar.“

Greinargerð með breytingartillögu

Skerðing eða niðurfelling

Ljóst virðist að skattaleg gjaldfærsla getur ekki byggst á ákvörðun ráðherra um minni heildarkvóta, enda þá tæpast um að ræða skerðingu lögum samkvæmt eins og ákvæðið áskilur eða að réttindin falli niður eins og gert er ráð fyrir í greinargerð með frumvarpinu. Þá er í greinargerð með frumvarpinu tekið sem dæmi um skerðingu ef núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi yrði lagt af og styrkir það þá ályktun að heimildin taki ekki til ákvörðunar ráðherra um minni heildarkvóta, enda þótt um yrði að ræða verulega minni heildarkvóta.

Álit


Frumvarp til nýrra laga um stjórn fiskveiða felur í sér skerðingu lögum samkvæmt, enda lagt til að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi verði lagt af og aflahlutdeild þar af leiðandi felld niður.

Verði þær aflahlutdeildir sem skattaðilar hafa áður keypt felldar niður (tekna af þeim) eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu þá telst skattalegt bókfært verð þeirra til rekstrarkostnaðar sem þýða mun umtalsvert lægri skattgreiðslur sjávarútvegsfélaga næstu ár en verið hefði að óbreyttu.

Verði þetta reyndin munu tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti sjávarútvegsfélaga verða umtalsvert lægri næstu ár en verið hefði að óbreyttu.


Gjaldfærsla aflaheimilda og skattgreiðslur

a) Áætlaðar skattgreiðslur við óbreyttar aðstæður



Skattalegt bókfært verðmæti allra aflaheimilda er um 56 ma.kr. samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra.

b) Áætlaðar skattgreiðslur við gjaldfærslu aflaheimilda ⁽¹⁾



1) Hér er einungis verið að athuga áhrif gjaldfærslu aflaheimilda á skattgreiðslur á sjávarútveginn undir núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, ekki er tekið tillit til annarra áhrifa vegna fyrirbyggjandi frumvarps.

Um 11 milljarðar króna yrðu ekki greiddir í tekjuskatt á næstu fjórum árum þar sem gjaldfærsla aflaheimilda myndar yfirfæranlegt skattalegt tap.


-11 ma.kr
Sem greiðast ekki í tekjuskatt á tímabilinu 2011-2014

Áætluð áhrif gjaldfærslu á greinina í heild sinni


Hér að ofan sjáum við væntar skattgreiðslur sjávarútvegsins í heild sinni. Útreikningurinn miðast við gagnagrunn Deloitte. Hér er einungis verið að athuga áhrif gjaldfærslu aflaheimilda á skattgreiðslur á sjávarútveginn undir núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, ekki er tekið tillit til annarra áhrifa vegna fyrirbyggjandi frumvarps.

Í lok árs 2011 er áætlað að yfirfæranlegt skattalegt tap sjávarútvegsfyrirtækja sé um 44 ma.kr. sem nýtist þeim til ársins 2015. Samkvæmt gögnum Ríkisskattstjóra er skattalegt bókfært verðmæti aflaheimilda um 56 ma.kr. sem kæmu til gjaldfærslu í dæmi b) og hækkar yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2011 í um 92 ma.kr. að teknu tilliti til áætlaðs hagnaðar ársins 2011. Þannig yrði ekki greiddur tekjuskattur fyrr en árið 2014 og frestaðar skatttekjur Ríkissjóðs á því tímabili yrðu um 11 ma.kr.

Útreikningur og ákvörðun veiðigjalds



Álagt veiðigjald á þorskígildiskiló



1) Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 kemur fram að áætlaðar tekjur af veiðigjaldi fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 sé um 7,8 ma.kr miðað við sama afla og 2011/2012 er það um 17,4 kr á hvert þorskígildiskiló.

Útreikningur á veiðigjaldi 2011/2012

Aflaverðmæti (ma.kr)	138
Laun (ma.kr)	(54)
Annar kostnaður (ma.kr)	(31)
Olia (ma.kr)	(21)
Gjaldstofn ma.kr	32
x 13,3%	4,26
+ Afli tímabils (þús tonn þíg.)	449
Veiðigjald (kr/kg.þíg)	9,46

Heimild: Fiskistofa, Sjávarútvegsráðuneytið


- 1) Oliukostnaður uppreiknast miðað við verðbreytingar á olíu á markaði í Rotterdam.
- 2) Laun reiknast sem 39,85% af aflaverðmæti.
- 3) Annar kostnaður uppreiknast miðað við vísitölu neysluverðs.

4,26 ma.kr

Áætlaðar tekjur hins opinbera fyrir veiðigjaldið, fiskveiðiárið 2011/2012

Hækkun á veiðigjaldi – greinin í heild sinni

Þróun veiðigjalds



Þegar hefur verið lögfest veiðigjald fiskveiðisársins 2011/2012 sem verður 13,3% af reiknaðri EBITDA eða 9,46 kr. á hvert þorskígildi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það gjald hækki í 19% af EBITDA eða 13,5¹⁾ kr. á hvert þorskígildi fyrir fiskveiðiárið 2012/2013.

1) Til einföldunar á útreikningum gerum við ráð fyrir því að úthlutaðar aflaheimildir breytist ekki árin 2012-2026 og EBITDA framlegð haldist föst á tímabilinu

Hækkun á veiðigjaldi

Hér athugum við heildargjaldheimtu veiðigjalds á sjávarútveginn í heild sinni.

Veiðigjaldi reiknast sem föst krónutala á hvert þorskígildskíló úthlutaðra aflaheimilda. Til einföldunar höldum við úthlutaðum aflaheimildum sem fasta þar sem afar erfitt er að spá fyrir um þróun fiskistofna.

Veiðigjald 2012-2013

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðigjald fiskveiðisársins 2012/2013 hækki úr 9,46 kr. á hvert þorskígildi í um 13,5 kr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 kemur þó eftirfarandi fram:


„Veiðigjald af veiðiheimildum er flokkað sem eignatekjur og fellur í flokk annarra rekstrartekna samkvæmt flokkunarkerfi fjárlaga. Tekjur af veiðigjaldi eru áætlaðar 7,8 ma.kr. á rekstrargrunni á árinu 2012. Áætlunin er byggð á því að gjaldið verði hækkað á fiskveiðiárinu 2012/2013.“

Það verður því ekki annað skilið en svo að áætlanir séu um að hækka veiðigjaldið enn frekar eða í 7,8 ma.kr sem myndi þýða um 19,2 kr á hvert þorskígildskíló¹⁾. Þannig mun veiðigjaldið hækka um 5,2 milljarða á þremur árum eða um tæp 200%.

Í útreikningum okkar notumst við því við þá forsendu að álagt veiðigjald verði 7,8 milljarðar króna.

1) Miðað við sama aflamagn og er notað til grundvallar við reikning á veiðigjaldi fyrir fiskveiðiárið 2011/2012

Áhrif hækkunar veiðigjalds 2012 - 2026



Áætlað að veiðigjald hækki um 200% frá 2010 til 2012 og verði um 7,8 milljarðar á ári

Bann við framsali – áhrif á rekstur

Yfirgripsmikil hagræn rök sem og frásagnir og reynsla þeirra sem við greinina starfa sýna fram á að bann við framsali mun hefta rekstrarumhverfi sjávarútvegsfélaga og hamla arðsemi

Orsakir aukinnar framleiðni

Framleiðni jókst verulega í íslenskum sjávarútvegi í kjölfar þess að kvótakerfi var tekið upp árið 1984. Meðaltalsframlegð (EBITDA framlegð) á árunum 1984 til 1991 var um 15%. Árið 1991 voru gerðar umtalsverðar breytingar á kvótakerfinu meðal annars með frjálssu framsali aflaheimilda. Á tímabilinu 1991 til 2000 jókst meðaltalsframlegð um 4 prósentustig og var 19%.

Þannig hefur framlegð farið stigvaxandi undanfarna áratugi í íslenskum sjávarútvegi. Að greina einstaka orsakaþætti framlegðaraukningar er erfitt. Þjóðhagsstofnun gaf út skýrslu árið 1999 þar sem fjallað er um framleiðniaukningu í sjávarútvegi á tímabilinu 1984-1995. Þar kom fram að margir þættir hafa haft þar áhrif án þess þó að hægt sé að aðgreina þá með tölfraðilegri marktækni:

- Breyttur og betri tækjabúnaður um borð, betri veiðarfæri og skip
- Mikill vöxtur sjófrystingar á árunum 1983-1988
- Tilkoma fiskmarkaða
- Mismunandi framlegð á veiðum einstakra fisktegunda
- Ýmsar kerfisbreytingar sem stuðla að aukinni hagkvæmni, þar á meðal:

Umfangsmikið sjóðakerfi í fiskveiðum aflagt árið 1986


Kvótakerfi komið á árið 1984

Frjálst framsal aflaheimilda árið 1991

Áhrif á rekstrarumhverfi

Þótt nær ómögulegt sé að þróa reiknilíkan sem útskýrt getur áhrifaþátt frjálss framsals þá eru yfirgripsmikil rök auðlindahagfræði sem og frásagnir og reynsla þeirra sem við greinina starfa sem sýna fram á að bann við framsali mun hefta rekstrarumhverfi sjávarútvegsfélaga og hamla arðsemi.

Í útreikningum okkar gerum við ráð fyrir að bann við framsali minnki EBITDA framlegð félaganna um 2,4 prósentustig.



Skerðing aflaheimilda vegna „potta“

Um 6,5% af heildarúthlutuðum aflaheimildum í núverandi pottum

Um 15% aflaheimilda verður komið í potta að 15 árum liðnum

Mesta aukning í nýjum potti, svokölluðum „leigupotti“

Aukning í pottum


Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi gerir ráð fyrir ákveðnum skerðingum á úthlutuðum aflaheimildum til sjávarútvegsfélaga. Þessar skerðingar hafa verið notaðar til byggðaúthlutunar, línuvinnunar, frístundaveiði, skel- og rækjubætur og nú síðast vegna strandveiða. Þessar sérstöku úthlutanir hafa oft verið nefndir pottar. Frumvarpið sem samþykkt var í júní 2011 jók skerðinguna nokkuð en frumvarpið, sem liggur fyrir haustþingi 2011, eykur úthlutun í potta töluvert, sem skerðir um leið úthlutun til þeirra sjávarútvegsfélaga sem starfa nú í greininni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að úthlutaðar aflaheimildir verði skertar, til viðbótar við það sem nú þegar fer í potta, um sem nemur 15% aflaheimilda allra fisktegunda að 15 árum liðnum, að undanskildum þorski, ýsu, steinbít og ufsa. Þessar tegundir sæta sérstöku skerðingum ⁽¹⁾.

Verði frumvarpið samþykkt mun skerðingin nema 4% af heildarúthlutun á næsta fiskveiðarári til viðbótar við það sem nú þegar er skert. Skerðingin mun svo hækka að jafnaði þar til eftir 15 ár, þegar skerðingin í þessum tegundum verður orðin 15% af leyfilegum heildarafla.

1) Sérreglur: Ef leyfilegur heildaraflí þorsks fer yfir 160þús lestir fer 45% aukningar aflaheimilda til potta og 55% til úthlutunar. Ef leyfilegur heildaraflí ufsa fer yfir 50þús lestir fer 45% af aukningu í potta og 55% til úthlutunar. Ef leyfilegur heildaraflí steinbíts fer yfir 12þús lestir fer 45% af aukningu í potta og 55% til úthlutunar. Ef leyfilegur heildaraflí ýsu fer yfir 50þús lestir fer 45% af aukningu í potta og 55% til úthlutunar.

Pottar fiskveiðarárið 2010/2011



Leigupottur


Í leigupott fer allt það magn sem til potta er ráðstafað að frádregnum þeim hluta af þorski, ýsu og ufsa sem ráðstafað er í strandveiði- og byggðarhluta. Þannig mun leigupottur strax innihalda 4% annarra tegunda en þorsk, ýsu og ufsa sem síðar vex í 15%.

Samkvæmt frumvarpinu skal leiguhluti boðinn upp á Kvótapingi ár hvert.

Kafli	Bls.
Niðurstöður	4
Gagnagrunnur Deloitte	15
Rekstraryfirlit og þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins	17
Skuldir sjávarútvegsins	22
Fjárfestingar, arðgreiðslur og afborgun lána	25
Ákvæði frumvarpsins	32
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög	35
Áhrif frumvarpsins á sjávarútvegsfélög - Sjóðstreymisspá	47

Áhrif á framlegð á núverandi starfandi sjávarútvegsfélög


Áhrif frumvarps á EBITDA framlegð (%)



Framlegð

Verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd er gert ráð fyrir að EBITDA framlegðarhlutfall lækki um 5 - 6 prósentustig á spátímabilinu 2012 – 2026 og verður því EBITDA framlegð að meðaltali 18,3% á spátímabilinu. Þannig lækkar framlegð um 240 milljarða á spátímabilinu.

Áhrif frumvarps á EBITDA framlegð (ma.kr)



240 milljarða minni EBITDA framlegð á næstu 15 árum

Einstaka atriði til lækkunar framlegðar

Bann við framsali (2,4% lækkun á framlegðarhlutfalli)

Framleiðni jókst verulega í íslenskum sjávarútvegi í kjölfar þess að kvótakerfið var tekið upp árið 1984. Meðaltalsframlegð (EBITDA framlegð) á árunum 1984 til 1991 var um 15%.

Á tímabilinu 1991 til 2000 jókst framlegðarhlutfall gífurlega, eða um 4 prósentustig og var að meðaltali 19% á tímabilinu. Ein af helstu ástæðum þessa var að árið 1991 voru gerðar umtalsverðar breytingar á kvótakerfinu og þá sér í lagi með **frjálsu framsali aflaheimilda**.

Þótt nær ómögulegt sé að þróa reiknilikan sem útskýrt getur áhrifabátt frjáls framsals þá eru yfirlýsingar mikil rök auðlindarhagfræði sem og frásagnir og reynsla þeirra sem við greinina starfa sem sýna fram á að bann við framsali mun hefta rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja og hamla arðsemi.


Í útreikningum okkar gerum við ráð fyrir að bann við framsali minnki EBITDA framlegð félaganna um 2,4 prósentustig.



Hækkun veiðigjalds (2,1% lækkun á framlegðarhlutfalli)

Veiðigjaldið fyrir fiskveiðiárið 2010/2011 er 6,44 kr. á hvert þorskígildi sem þýðir um 2,6 ma.kr gjalddöku á sjávarútveginn. Í fjárlögum fyrir árið 2012 kemur fram að áætlað er að hækka gjaldið í 7,8 milljarða á ári. Það þýðir að óbreyttu að framlegðarhlutfall lækkar um 2,1 prósentustig.

Hækkun á veiðigjaldi



-2,1%



Heildaráhrif

Gert er ráð fyrir að með óbreyttu fiskveiðistjórnunarkerfi yrði EBITDA framlegð greinarinnar um 24% út spátímabilið, sem er meðaltalsframlegð síðustu 10 ára. Raunvöxtur tekna er áætlaður 2% út spátímabilið.

Sé frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd þá gert er ráð fyrir að framlegð sjávarútvegsfélaga lækki um 5 - 6 prósentustig á spátímabilinu.




Aukning vegna potta (0,5% - 1,5% lækkun á framlegðarhlutfalli)

Við gildistöku verður strax farið í 4% aukningu þorskígilda allra tegunda í potta og árlega aukið um 0,79% næstu fjórtán fiskveiðiár þar til um 15% af leyfilegum heildarafla er náð. Þetta nær þó ekki til þorsks, ýsu, ufsa og steinbits en um þær tegundir gilda sérreglur. Þannig eru áhrifin á framlegð minnst fyrsta árið en aukast næstu fjórtán ár.

Ekki er gert ráð fyrir því að þau félög sem missa aflaheimildir vegna skerðingar leigi til sín aflamark úr leigupottinum. Útreikningar miðast við óbreytt aflamark allra tegunda.


Aukning í pottum



Nauðsynlegt fjármagn

Fjármagn sem sjávarútvegurinn þarf til að greiða niður skuldir, fjárfesta í rekstrarfjármunum og greiða arð

Arður til eigenda áætlaður um 6% af EBITDA út spátímabil




Fjárfestingar

Greining á fjárfestingu á árunum 2001 til 2008 gefur til kynna að eðlileg fjárfestingarþörf í rekstrarfjármunum er um 30% af EBITDA. Fjárfestingar á árunum 2009 til 2010 eru ekki teknar með í útreikninga enda eru þær í sögulegu lágmarki þar sem félög hafa haldið að sér höndum sökum mikillar óvissu um framtíðarrekstrarumhverfi greinarinnar.

Þar að auki er gert ráð fyrir um 4 – 5 milljörðum króna til fjárfestinga í rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum sem tengjast sjávarútvegi.

Fjárfestingar sem hlutfall af EBITDA




Afborganir og vextir af lánunum

Í lok árs 2010 eru heildarskuldir sjávarútvegsins áætlaðar um 440 milljarðar króna, þarf af vaxtaberandi skuldir um 366 ma.kr. Áætlað er að niðurgreiðsla skulda árið 2011 verði með svipuðu móti og árið 2010 eða um 30 ma.kr. og að höfuðstóll lána lækki um 10% milli ára. Ástæður þess eru að vafi leikur á lögmæti gengistryggðra lána. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki standa í samningaviðræðum við viðskiptabanka sína. Erfitt er að reikna nákvæmlega lækunarhárf og er 10% í raun varúðarnálgun.

Vaxtagjöld eru ákvörðuð sem um 350 punkta álag á LIBOR vexti. Gert er ráð fyrir að greiðslutími lánasafnsins sé 15 ár. Hér gætum við sömu varúðarsjónarmiða og áður hafa komið fram¹⁾ þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir 15 ára samningi um nýtingarrétt, með möguleika á framlengingu í 23 ár. Vissulega stöðvast ekki greiðslustreymi allra sjávarútvegsfyrirtækja að þeim tíma liðnum. Hins vegar höfum engar forsendur til að styðjast við sem gefa til kynna hvaða stjórnkerfi fiskveiða tekur við að nýtingartíma loknum.

Greiðslufæði lána




¹⁾ Landsbankinn gefur sér forsendur um 15 ára framtíðargreiðslustreymi af lánasafni sjávarútvegsfyrirtækja í umsögn sinni um frumvarpið

Ákvæði frumvarpsins um nýtingarrétt til 15 ára munu hamla endurfjármögnun lána hjá viðskiptabönkum

Áhrif frumvarpsins á sjóðstreymi

Breytingar á handbæru fé í lok hvers árs



-170 ma.kr
Neikvætt
sjóðstreymi

Sjávarútvegurinn þarfnast
170 ma.kr á næstu 15
árum til að standa við
skuldbindingar

Heildaráhrif á sjóðstreymi

Hér til vinstri sjáum þau áhrif sem frumvarpið mun hafa á sjóðstreymi sjávarútvegsins næstu 15 ár.


Þannig verður sjóðstreymi neikvætt út spátímabilið, samanlagt um 170 milljarðar króna.

Vandséð er að þeirri fjárförf verði svarað með öðrum úrræðum, heldur með:

- Áframhaldandi frestun á nauðsynlegum fjárfestingum í rekstrarfjármunum
- Frestun á fjárfestingum í rannsóknar- og þróunarverkefnum
- Frestun á arðgreiðslum til hluthafa

Sjóðstreymisspá samkvæmt a) núgildandi lögum og b) áhrifum frumvarpsins

Sjóðstreymi í lok hvers ár



Samanlagt sjóðstreymi í lok hvers árs fyrir tímabilið 2012-2026

a) Samkvæmt núgildandi lögum¹⁾

Jákvætt um: 150 ma.kr

b) Samkvæmt frumvarpi

Neikvætt um: 170 ma.kr

320 milljarða króna munur

-320 ma.kr
áhrif á
sjóðstreymi

1) Í forsendum okkar fyrir sjóðstreymi undir núgildandi lögum gerum við ráð fyrir að veiðigjald sé 9,5% af reiknaðri framlegð og engin breyting sé á leyfilegum heildarafia út spátímabilið. Við gefum okkur einnig að um helmingur skulda greinarinnar sé endurfjármagnaður á spátímabilinu.

Deloitte.

“Deloitte” is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 182,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the “Deloitte Network”) is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.